



Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands (EBÍ).

HEIMSMARKMIÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

Stefnuáhersla S3 – Ábyrg stjórnun og aðgerð 3.3 – Stefna og viðbragðsáætlun vegna eineltis, ofbeldis, kynferðislegrar og kynbundinnar áreitni.

Markmið EBÍ er að vera góður vinnustaður sem hefur á að skipa, hæfu, áhugasömu og metnaðarfullu starfsfólki sem sýnir frumkvæði og vilja til að taka virkan þátt í að skapa jákvætt og öruggt starfsumhverfi. EBÍ vill vera heilsueflandi vinnustaður sem hlúir að starfsfólki með góðri vinnuáðstöðu og góðu skipulagi. Einelti, kynbundin og kynferðisleg áreitni og ofbeldi verða undir engum kringumstæðum umborin.

Stefnan og viðbragðsáætlunin þessi gildir um starfsfólk og stjórn EBÍ.

Stefnan byggir á lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, reglugerð 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum, með áorðnum breyting nr. 211/2023 og lögum nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Einnig stefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðbragðsáætlun vegna eineltis, ofbeldis, kynferðislegrar og kynbundinnar áreitni.

Skilgreiningar

Einelti: Síendurtekin hegðun sem almennt er til þess fallin að valda vanlíðan hjá þeim sem fyrir henni verður, svo sem að gera lítið úr, móðga, særa eða ógna viðkomandi eða að valda honum ótta. Skoðanaágreiningur eða ágreiningur vegna ólíkra hagsmuna fellur ekki hér undir.

Kynbundin áreitni: Hegðun sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu þess sem fyrir henni verður og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi fyrir viðkomandi.

Kynferðisleg áreitni: Hvers kyns kynferðisleg hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið orðbundin, táknræn og/eða líkamleg.

Ofbeldi: Hvers kyns hegðun sem leiðir til, eða gæti leitt til, líkamlegs eða sálræns skaða eða þjáninga þess sem fyrir henni verður, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennda sviptingu frelsis.

Skilgreining á þolanda og geranda er eftirfarandi:

Þolandi: Sá aðili sem verður fyrir einelti, ofbeldi, kynferðislegri eða kynbundinni áreitni. Þar til rannsókn á máli er lokið er notast við hugtakið „meintur þolandi“.

Gerandi: Sá aðili sem beitir einelti, ofbeldi, kynferðislegri eða kynbundinni áreitni. Þar til rannsókn á máli er lokið er notast við hugtakið „meintur gerandi“.

Viðbragðsáætlun

Viðbragðsáætlunin er sett til að tryggja skjót og rétt viðbrögð við tilkynningum um einhvern af eftirtöldum þáttum: Hverskonar ofbeldi, einelti, kynbundna eða kynferðislega áreitni.

Fyrsta skref: Meintur þolandi leitar til framkvæmdastjóra eða formanns stjórnar með munnlega eða skriflega kvörtun um meint einelti, ofbeldi, kynbundna og/eða kynferðislega áreitni.

Mikilvægt er að meintur þolandi hafi góðar upplýsingar um það sem átti sér stað og má þá helst nefna:

Nákvæma lýsingu á því sem gerðist.
Hverjir voru viðstaddir t.d. möguleg vitni.
Hvað var sagt eða gert?
Hvernig brást meintur þolandi við?
Hvernig brást meintur gerandi við?
Hvernig leið meintum þolanda eftir á.

Annað skref: Óformleg málsmeðferð felur í sér að leitað er upplýsinga hjá meintum þolanda og meintum geranda og þeim veittur stuðningur með trúnaðarsamtali og/eða ráðgjöf. Meintur þolandi og meintur gerandi skulu njóta aðstoðar framkvæmdastjóra eða formanns stjórnar eða utanaðkomandi fagaðila til að leysa málið. Gangi sáttaleiðir ekki eftir er meintur þolandi hvattur til að nýta sér formlega málsmeðferð. Halda skal fundargerðir á öllum stigum málsins sem báðir aðilar undirrita og skulu færðar í trúnaðarmálabók.

Þriðja skref: Formleg málsmeðferð felur í sér að málinu er vísað til utanaðkomandi sérfræðings. Framkvæmdastjóri er ábyrgur fyrir því að kalla til hlutlausan og viðurkenndan aðila og fylgja eftir framgangi málsins. Haft skal samráð við meintan geranda og meintan þolanda um val á sérfræðingi. Í þeim tilfellum sem framkvæmdastjóri er vanhæfur fer formaður stjórnar með ábyrgð á málinu. Meintur gerandi getur fengið tiltal, skriflega áminningu og leiðsögn.

Fjórða skref: Eftirfylgni miðar að því að tryggja bætta líðan málsaðila og að koma í veg fyrir að einelti eða áreitni endurtaki sig. Tíðni eftirfylgni getur átt sér stað samkvæmt samkomulagi milli aðila málsins. Reglulega eða eins lengi og þurfa þykir, boðar ábyrgðaraðili málsins hvern málsaðila fyrir sig á fund til að kanna stöðu mála. Komi í ljós að einelti, ofbeldi, kynferðisleg eða kynbundin áreitni eða vanlíðan eigi sér þá enn stað skal funda með málsaðilum.

Við úrvinnslu máls er hægt að notast við fræðsluefni Vinnueftirlitsins „Tökum höndum saman“ sem þróað hefur verið í samstarfi við samtök aðila vinnumarkaðarins, embætti landlæknis, Jafnréttisstofu og félags- og vinnumarkaðsráðuneytið með það að markmiði að styðja við vinnustaði landsins í að fyrirbyggja og bregðast við einelti, ofbeldi og kynferðislegri og kynbundinni áreitni í vinnuumhverfinu.

Samþykkt í stjórn EBÍ 6. október 2023